

Fundargerð 39. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2019, fimmtudaginn 7. nóvember kl. 10:30 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Stefán Bogi Sveinsson, Árni Eiríksson, Ása Valdís Árnadóttir, Dagbjört Jónsdóttir, Ragnhildur Haraldsdóttir, Þorsteinn Gunnarsson og Ásta Berghildur Ólafsdóttir.

Að auki sat fundinn: Valgerður Freyja Ágústsdóttir sem ritaði fundargerð.

Aðalheiður L. Borgþórsdóttir, Jóhann Friðrik Friðriksson og Valdimar O. Hermannsson boðuðu forföll.

Dagbjört Jónsdóttir og Ragnhildur Haraldsdóttir tóku þátt í gegnum fjarfundabúnað.

Skarphéðinn Orri Björnsson boðaði ekki forföll og mætti ekki á fund.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 38. fundar stjórnar samtaka orkusveitarfélaga - 1609003SO

Fundargerð 38. fundar lögð fram til staðfestingar.

Fundargerð staðfest.

2. Skattlagning orkumannvirkja - 1804001SO

Formaður greinir frá áframhaldandi vinnu starshóps um skattlagningu orkumannvirkja.

Greint frá því að á síðasta fundi starfshópsins var ákveðið að sett yrði saman verkáætlun fyrir vinnu hópsins sem framundan er. Formanni starfshópsins og fulltrúum sveitarfélaga og Samorku var falið að vinna að því og er það í vinnslu.

Stjórn lýsir yfir þungum áhyggjum af því í hvaða farveg málið er komið. Samþykkt að óska eftir fundi stjórnar með stjórn Samorku og fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga til að ræða sameiginleg hagsmunamál.

3. Endurskoðun á heimasíðu Samtaka orkusveitarfélaga - 1709001SO

Fjallað verður um endurskoðun á heimasíðu samtakanna.

Samþykkt að starfsmaður fundi með sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga um tengsl milli heimasíðu SO og heimasíðu sambandsins. Bent á að birta fréttir með fundargerðum. Áhersla á að hafa heimasíðu SO einfalda og aðgengilega.

4. Noregsferð stjórnar 2019 - 1901002SO

Fjallað verður um undirbúning kynnisferðar stjórnar til Noregs sem fyrirhuguð er

um miðjan mars 2020.

Drög að ferðatilhögun kynnt með dagsetningum. Samþykkt að farið verði í ferðina 16. mars. Ákveðið að athuga hvort hægt sé að stytta ferðina þannig að flogið sé heim á fimmtudeginum 19. mars í stað 20. mars.

Samtökin greiða ferðakostnað fyrir stjórn og starfsmann. Stefnt er að því að samtökin niðurgreiði að hluta ferðakostnað fulltrúa þeirra aðildarsveitarfélaga sem ekki eiga sæti í stjórn. Jafnframt verði fulltrúum opinberra stofnana, ráðuneyta og orkufyrirtækja boðið að senda fulltrúa í ferðina á eigin kostnað. Starfsmanni falið að gera kostnaðaráætlun fyrir ferðina og kynna fyrir stjórn með tölvupósti.

Dagjört Jónsdóttir fór af fjarfundi eftir þennan dagskrárlið.

5. Orkufundur 2019 - 1901003SO

Umfjöllun um Orkufund sem haldinn verður kl 13:00 þann 7. nóember 2019.

Skráning á Orkufund er heldur undir væntingum. Ánægja ríkir meðal stjórnar með dagskrá fundarins sem verður tekin upp og gerð aðgengileg á heimasíðu samtakanna.

Ragnhildur Haraldsdóttir yfirgaf fjarfund eftir þennan dagskrárlið.

6. Samtök orkusveitarfélaga - önnur mál - 1803002SO

Önnur mál sem tekin verða fyrir.

Engin önnur mál tekin fyrir.

Fundi var slitið kl. 11:45

Stefán Bogi Sveinsson

Árni Eiríksson

Ása Valdís Árnadóttir

Dagbjört Jónsdóttir

Ragnildur Haraldsdóttir

Þorsteinn Gunnarsson

Ásta Berghildur Ólafsdóttir